



OUTLANDER PHEV

MAP

Til hamingju með að hafa keypt Mitsubishi-ökutæki og velkomin(n) í MAP.

Aðstoðarpakki Mitsubishi Motors er hannaður til að auka „Mitsubishi“ eigendaupplifun þína og veita þér um leið hugarró í bílferðum. Þessi pakki hefur verið sérsniðinn til að tryggja að það sé lágmarkstruflun fyrir þig og farþega þína ef þú skyldir einhvern tímann upplifa vandamál með ökutækið þitt hvort sem er í fríi eða heima. Um leið og það er von okkar að þú þurfir aldrei að nýta þér þessa þjónustu skaltu vinsamlegast gefa þér tíma til að lesa þennan bækling svo að þú vitir hvað gera skal þú þarfir þú einhvern tímann á aðstoð að halda.

MAP, sem er tiltækt allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, býður þér upp á þjónustu sem er:

- Hröð og skilvirk
- Sérsniðin til að fást við alla hugsanlega atburði
- Traust og tiltæk um alla Evrópu

(Skoðaðu Landfræðilegt umfang)

MAP

Ef þú skyldir einhverntímann þarfnast aðstoðar getur MAP útvegað þér:

- Grunnaðstoð heima og við vegarkantinn
vegna eldsneytis, lykils, hjólbarða og minniháttar rafmagns- og vélrænna viðgerða.
- Dráttarbíl til næsta viðurkennda Mitsubishi Network Partner ef ekki er hægt að koma ökutækinu í gang á staðnum.
- Geymslu eða bílastæði þegar bilun á sér stað utan opnunartíma og draga þarf ökutækið til Mitsubishi Network Partner. Ef þetta gerist hugsanlega verður ökutækinu lagt á öruggri starfstöð og flutt til Mitsubishi Network Partner á opnunartíma næsta vinnudag.
- Sending áríðandi skilaboða: MAP kann að senda áríðandi skilaboð til fjölskyldu þinnar, vina eða vinnufélaga.
- Upplýsingaþjónusta: Ef beiðni berst getum við veitt þér grundvallar tækniráðleggingar varðandi ökutækið þitt, ásamt öllum staðsetningum Mitsubishi Network Partner um alla Evrópu.
- Lögfræði- og læknisfræðilegar tilvísanir: Tilvísanir vegna sérfræðiráðlegginga lögfræði- eða læknisfræðilegs eðlis er hægt að veita eftir beiðni um aðstoð.
- Tollgjöld í Evrópu: Ef umfang skemmda á ökutækinu gerir það óhæft til viðgerðar, greiðir MAP öll tollgjöld sem verða til þegar ökutækið er skilið eftir.

Í því tilfalli að ekki sé hægt að gera við ökutækið þitt samdægurs vegna rafmagns- eða vélrænnar bilunar er hægt að leggja fram einn af eftirfarandi valkostum fyrir þig og farþega þína:

- Flutning með leigubíl heim til þín ef þú er í innan við 50 km fjarlægð.
- Bíl í staðinn svo þú getir verið á ferðinni á meðan ökutækið þitt er óökufært, í allt að 2 virka daga, ef þú ert í minna en 50 km fjarlægð frá heimili þínu. Ef þú ert í meira en 50 km fjarlægð frá heimili þínu verður þér útvegað ökutæki þar til gert hefur verið við ökutæki þitt, í að hámarki 5 virka daga. Vinsamlegast athugaðu að þú þarft að geta fylgt skilyrðum bílaleigunnar (trygging, eldsneyti og minniháttar gjöld).
- Lestarmiða á fyrsta farrými eða flugmiða á almennu farrými (þegar ferðalag í lest er lengra en 6 klukkustundir), ef þú ert í meira en 50 km fjarlægð frá heimili þínu.
- Hótelgistingu: Í að hámarki 4 nætur ef þú ert í meira en 50 km fjarlægð frá heimili þínu. Hótelgisting fer eftir aðstæðum á staðnum og fáanleika.
- Öflun og afhending varahluta: Ef ökutækið þitt bilar erlendis og varahlutirnir sem eru nauðsynlegir fyrir heimsendingu ökutækisins eru ekki fáanlegir á staðnum mun MAP, með stuðningi Mitsubishi Network Partner finna og afhenda varahluti frá öðru landi (greiðir aðeins afhendingarkostnað).
- Þegar ökutækið þitt er tilbúið getur þú annaðhvort sótt það til Mitsubishi Network Partner, eða látið senda það heim.
- Valkostur um að sækja ökutæki

Ef þú velur að sækja ökutækið þitt til Network Partner mun MAP skipuleggja flutning með leigubíl frá heimili þínu til söluaðila Network Partner, ef það innan 50 km geisla. Að öðrum kosti mun MAP útvega þér lestarmiða á fyrsta farrými eða flugmiða á almennu farrými, ef ferðalag í lest er lengra en 6 klukkustundir.

- Valkostur um heimsendingu ökutækis

Þú getur einnig látið senda ökutækið heim til þín með dráttar- eða akstursþjónustu. Vinsamlegast athugaðu að heimsending með bílstjóra útheimtir samþykki þitt og skuldbindingu um að greiða fyrir eldsneyti og tollgjöld.

- MINNISPUNKTUR: Heimsending óviðgerðra ökutækja yfir landamæri

Ef ökutækið þitt er óhreyfanlegt erlendis og búist er við að viðgerðin standi í meira en 5 vinnudaga kann MAP að velja að senda strax ökutækið

pitt heim með dráttarbil til viðurkennds Mitsubishi Network Partner eða þjónustustarfsstöðvar í þínu heimalandi sem er næst heimili þínu.

Í því tilfelli að ökutækið þitt sé óhreyfanlegt og ekki er hægt að gera við það samdægurs eftir umferðaróhapp, tilraun til þjófnaðar, skemmdarverk, eða að ökutækinu þínu hafi verið stolið, getur MAPséð þér fyrir:

- Annar flutningsmáti

Leigubílaþjónusta verður skipulögð til að flytja þig til þíns heima ef þú býrð í innan við 50 km fjarlægð. Að öðrum kosti færðu lestarmiða á fyrsta farrými eða flugmiða á almennu farrými ef ferðalagið er lengra en 6 klukkustundir.

- Lögfræðikostnaður

Í kjölfar umferðaróhapps getur MAP útvegað fyrirframgreiðslu á tryggingarupphæð að hámarki 2.500 evrur þegar þú útvegar fjárhagslega tryggingu og innborgun. Vinsamlegast athugaðu að öll fyrirframgreiðsla verður að hafa verið endurgreidd innan 3 mánaða eftir móttöku reiknings.

- MJÖG MIKILVÆG ATHUGASEMD:

Vinsamlegast athugaðu að Aðstoðarpakki Mitsubishi Motors er aðstoðarkerfi sem þú átt sjálfkrafa rétt á að hafa gagn af án endurgjalds, nema annað sé tekið fram skriflega. Til að þú forðist viðbótarkostnað skaltu vinsamlegast athuga að það er ekki nauðsynlegt að þú gerir þínar eigin ráðstafanir með aðstoðartryggingu ökutækis gegnum fyrirtæki þriðja aðila.

SKILMÁLAR OG SKILYRÐI MAP

- Tímabil verndar

Vernd undir MAP er tiltæk öllum eigendum nýrra Mitsubishi-ökutækja í 5 ár og hefst hún á dagsetningu skráningar.

Hægt er að fá eins árs viðbótarframlengingu á vernd undir MAP (fram að hámarkinu, 8 árum eftir dagsetningu skráningar) þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

Að árlegt viðhald sé framkvæmt af viðurkenndu verkstæði Mitsubishi Motors með original varahlutum frá Mitsubishi Motors.

- Fólk sem nýtur verndar

Eigandinn (eða ökumaðurinn) og allir farþegar sem ferðast í ökutækinu á því augnabliki sem óskað var eftir neyðaraðstoð.

- Ökutæki sem njóta verndar

Allir Mitsubishi farþegabílar og léttir sendiferðabílar að 3,5 tonna brúttóþyngd ökutækis - að undanskildum leigubílum. Aftanívagnar og hjólhýsi njóta einnig verndar (aðeins í drætti) en aðeins þegar þau eru dregin af ökutæki sem nýtur verndar.

SKILMÁLAR OG SKILYRÐI MAP

- Landfræðilegt umfang

Albanía, Andorra, Austurríki, Belgía, Bosnía-Hersegóvína, Bretland(f), Búlgaría, Danmörk(b), Eistland, Finnland, Frakkland(c), Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Króatía, Kýpur(a), Lettland, Litháen, Líktenstein, Lúxemborg, Makedónía, Malta, Mónakó, Noregur, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Rússland(d), San Marínó, Serbía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn(e), Svartfjallaland, Sviss, Svíþjóð, Tékkland, Tyrkland, Ungverjaland, Úkraína, Vatíkanið, Þýskaland.

(a) Vernd á Kýpur er takmörkuð við gríska hluta eyjarinnar.

(b) Vernd í Danmörku felur ekki í sér Grænland og Færeyjar.

(c) Vernd í Frakklandi innifelur umdæmin handan hafsins.

(d) Vernd í Rússlandi er takmörkuð við landsvæðin Sankti Pétursborg og Moskvu:

innan við 150 km geisla umhverfis ytri hring beggja borga.

(e) Vernd á Spáni innifelur Balearic-eyjaklasann, Kanaríeyjar og sjálfstæðu borgirnar Ceuta og Melilla.

Ökutæki sem seld eru og skráð á Spáni njóta einnig þjónustu þegar ferðast er um Marokkó, Alsír og Túnis.

(f) Vernd í Bretlandi inniheldur Gíbraltar og allar eyjar undir stjórn Bretlands sem staðsettar eru í höfunum kringum Evrópu.